

Réttindi þess sem sætir vöktun



Við rafræna vöktun skal þess gætt að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og forðast allt óþarfa inngrip í einkalíf þeirra.

Fræðsla um rafræna vöktun

Einstaklingur á rétt á því að fá fræðslu um þá vöktun sem hann sætir, sjá bls. 2.

Skoðun myndefnis

Sá sem sætt hefur rafrænni vöktun á rétt á að skoða hljóð-/myndbandsupptökur sem til verða um hann við vöktunina. Skal ábyrgðaraðili heimila skoðun jafn fljótt og auðið er og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku slíkrar beiðni.

Úrlausnarvald Persónuverndar

Ef ágreiningur skapast um vinnslu þess efnis sem safnast við rafræna vöktun er unnt að leita skýringa hjá þeim aðila sem ber ábyrgð á vöktuninni. Ef enn er til staðar ágreiningur þrátt fyrir útskýringar ábyrgðaraðila, t.d. um lögmæti vöktunar, fræðslu eða rétt til að fá að skoða gögn sem safnast, er unnt að leita til Persónuverndar með formlega kvörtun.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun rafrænnar vöktunar og eyðingu upplýsinga sem fara í bága við ákvæði persónuverndarlaga og vöktunareglna.

Kvartanir

Formlegt kvörtunareyðublað má nálgast á heimasíðu Persónuverndar, undir flípanum „Umsóknir og eyðublað“. Í slíku eyðublaði verður m.a. að koma fram yfir hverju sé kvartað og nafn þess aðila sem kvörtun beinist að.

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Persónuverndar, www.personuvernd.is, og Twitter-síðu stofnunarinnar, [www.twitter.com/Personuvernd](https://twitter.com/Personuvernd). Þá er sími Persónuverndar 510-9600. Símatími lögfræðinga er alla mánudaga, miðvikudaga og föstudaga milli kl. 10 og 12.



Persónuvernd

P15.00.276 - ODDI umhverfisvottuð prentsmíðja
Ljósmyndir: shutterstock.com



Persónuvernd

Rafræn vöktun

hversu langt er heimilt að ganga?

Hvað er rafræn vöktun?

Rafræn vöktun er vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði. Hún getur hvort sem er farið fram á almannaþæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði.

Rafræn vöktun nær bæði til vöktunar þar sem persónuupplýsingar eru geymdar og hugsanlega unnar frekar og vöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða vinnsla persónuupplýsinga.

Vöktun með eftirlitsmyndavélum er því rafræn vöktun.



Dæmi um rafræna vöktun: hljóðritun símtala, notkun ökusírta og annars konar rafræns staðsetningarbúnaðar, net- og tölvupóstvöktun, myndbandsupptökuvélar í farartækjum og notkun flygilda („dróna“) sem safna myndefni.

Lög og reglur um rafræna vöktun

Ákvæði um rafræna vöktun má finna í lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá gilda einnig um rafræna vöktun reglur nr. 837/2006, um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem safnast við rafræna vöktun.

Þó tiltekin aðgerð teljist ekki rafræn vöktun getur hún engu að síður falið í sér vinnslu persónuupplýsinga sem þarf að vera í samræmi við persónuverndarlög.

Hvað telst ekki til rafrænnar vöktunar

Myndataka af einstaklingum á almannaþæri í eitt eða fá skipti telst alla jafna ekki til rafrænnar vöktunar.

Vöktun á almannaþæri er einungis á hendi lögreglu

Skylda þess sem vaktar

Skýr og málefnalegur tilgangur

Tilgangur rafrænnar vöktunar verður að vera skýr, yfirlýstur og málefnalegur. Sem dæmi má nefna að vöktun, sem fer fram í öryggis- og eignavörsluskyni, til að tryggja öryggi einstaklinga og varna því að eigur séu skemmdar eða þeim stolið, telst málefnaleg.

Myndavélavöktun á kaffistofum starfsmanna, í búningaklefum, á salernum og sambærilegum stöðum verður almennt ekki talin málefnaleg.

Nauðsyn

Ekki má safna persónuupplýsingum (t.d. myndefni sem hefur að geyma upplýsingar um einstakling sem þekktist á myndunum) við framkvæmd rafrænnar vöktunar nema það sé nauðsynlegt í ljósi tilgangsins með vöktuninni.

Eru vægari leiðir færar?

Þegar notaðar eru eftirlitsmyndavélar skal gæta meðalhófs, t.d. þannig að myndavélar séu ekki fleiri en nauðsynlegt er. Virða skal einkalífsétt þeirra sem vöktun sæta og ganga úr skugga um að ekki sé unnt að ná markmiði vöktunar með vægari úrræðum. Dæmi um vægari leiðir eru aðgangstakmarkanir og -stýring, fjölgun starfsmanna, viðvera vakstjóra eða stjórnenda, skýrar verklagsreglur um vinnufyrirkomulag o.s.frv.

Vöktun með vinnuskilum starfsmanna eða því að þeir fylgi brýnum öryggiskröfum getur aðeins verið heimil að ströngum skilyrðum fullnægðum.

Vöktun sem eingöngu fer fram í því skyni að hafa stöðugt vakandi auga með starfsmönnum er óheimil.

Hver ber ábyrgð á vöktun?

Sá sem ákveður tilgang vöktunar, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinga, sem safnast við rafræna vöktun, telst ábyrgðaraðili.

Fræðsluskylda

Rafræn vöktun með leynd er með öllu óheimil nema skv. lagaheimild eða dómsúrskurði.

Áður en vöktun með eftirlitsmyndavélum hefst skal setja reglur og/eða fræða þá sem sæta vöktuninni um eftirfarandi (ekki er um tæmandi upptalningu að ræða):

- Hver sé tilgangur vöktunarinnar, t.d. öryggis- og eignavarsla eða vöktun vinnuskila)
- Hverjir hafi eða kunni að fá aðgang að upplýsingum sem safnast og hversu lengi þær verða varðveittar
- Hvaða búnaður sé notaður (t.d. stafrænar myndavélar, ökusíritar eða hljóðupptökutæki)
- Rétt til að andmæla vöktuninni og um afleiðingar þess



Fræðsluskyldu má t.d. fullnægja með tilkynningu, fréttabréfi, tölvupósti, í ráðningarsamningi eða á annan sannanlegan hátt. Ábyrgðaraðili ber hallann

af því ef ekki er unnt að sýna fram á að fræðsla hafi verið veitt, s.s. með afriti fundargerðar.

Viðvörðunarskylda

Ábyrgðaraðili rafrænnar vöktunar á að gera glögglega viðvart um að vöktun fari fram, t.d. með merki eða á annan áberandi hátt.

Meðferð, varðveisla og eyðing

Einungis þeir sem starfa sinna vegna þurfa aðgang að myndefni skulu hafa hann. Efni skal eingöngu skoða ef sérstakt tilefni gefst til þess, svo sem vegna slyss eða þjófnaðar.

Myndefni á að eyða þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, t.d. ef varðveisla byggir á fyrirmælum í lögum eða ef ábyrgðaraðili vinnur enn með upplýsingar í samræmi við upphaflegan tilgang. Óheimilt er að varðveita efni lengur en í 90 daga, nema lög heimili.

Almennt er einungis heimilt að afhenda lögreglu persónuupplýsingar um slyss eða meintan refsiverðan verknáð sem safnast með eftirlitsmyndavélum eða annars konar rafrænni vöktun. Ákvörðun um birtingu sliks myndefnis (t.d. á netinu) er eingöngu á hendi lögreglu.